

111 Vatnsupplausnin (1 + 49) má ekki breytast, þótt í hana sé látnir 3 dropar af natríumsúlfid-
10. sept. upplausn (þungmálmasölt).

Sé vatnsupplausnin sýrð með saltpétursýru, má hún engum breytingum taka, þótt í hana sé látin bariumnítratupplausn (brennisteinssýra), og í mesta lagi verða ópaliserandi gruggug á næstu 10 mín. eftir að silfurnítratupplausn hefir verið bætt í hana (saltsýra).

Sé vatnsupplausnin hituð upp, má ekki verða vart við ammóníak (ammóníumsölt).

Ef 1 g af kristalliseruðu natríumkarbónati er leyst upp í 5 cm³ af natríumhypófosfitupplausn og hún hituð í stundarfjórðung í sjóðandi vatnsbaði, má hún ekki taka á sig dekkri lit (arsensambönd).

5. Þurrkað natríumkarbónat.

Í þurrkuðu natríumkarbónati skulu að minnsta kosti vera 74% af vatnssnauðu natríumkarbónati.

Hvað hreinleika þess viðvíkur, verður það að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til kristallíseraðs natríumkarbónats. Við prófanirnar skal þó aðeins notaður helmingur þess, sem notað er af kristalliseruðu natríumkarbónati.

6. Natríumbíkarbónat.

Í saltinu, sem þurrkað hefir verið yfir brennisteinssýru, skulu að minnsta kosti vera 98% af natríumbíkarbónati.

Ef 0,3 g af natríumbíkarbónati eru leyst upp í 10 cm³ af vatni, upplausnin aðeins sýrð með þynntri ediksýru og síðan bætt í hana 2 cm³ af natríumkóbaltínítrítupplausn, þá má ekkert grugg myndast á næstu 2 mín. (kalíumsölt).

Vatnsupplausn natríumbíkarbónatsins (1 + 49) er sýrð með þynntri ediksýru, svo að upplausnin sýni aðeins súra reaktión með lakmúspappír. Þessi súra upplausn má engum breytingum taka, þótt í hana sé bætt 3 dropum af natríumsúlfidupplausn (þungmálmasölt), og ekki heldur á næstu 3 mín. eftir að í hana hefir verið bætt bariumnítratupplausn (brennisteinssýra).

Vatnsupplausn natríumbíkarbónatsins, sem sýrð hefir verið með saltpétursýru, skal vera nær (thíóbrennisteinssýra), og sé í hana bætt silfurnítratupplausn, má hún í mesta lagi verða ópaliserandi gruggug (saltsýra). Af járnklórídupplausn má hún ekki litast rauð (rhódanvetnisýra).

Upplausn úr 1 g af natríumbíkarbónati í 20 cm³ af vatni, sem gerð er við ekki meira en 15° C, má í mesta lagi verða ljósrauð, ef í hana er bætt 3 dropum af phenólphthaleínupplausn (natríumkarbónat).

Sé vatnsupplausn natríumbíkarbónatsins (1 + 49) hituð upp með 1 cm³ af natríumhydroxyd-upplausn, má ekki verða vart við ammóníak (ammóníumsölt).

Ef 1 g af natríumbíkarbónati er leyst upp í 5 cm³ af natríumhypófosfitupplausn og hún hituð í stundarfjórðung í sjóðandi vatnsbaði, má hún ekki taka á sig dekkri lit (arsensambönd).

112

REIKNINGUR

fyrir styrktarsjóð til Svíþjóðarferðar.

H ö f u ð s t ó l l :

Stofnsjóður samkvæmt skipulagsskrá 4. maí 1935 (Stjórnartíð-
indi 1935, B, nr. 42) kr. 5673.00

Aukning á árinu:

1. Vextir af bankainnstæðu 1934	—	114.72
2. Vextir af bankainnstæðu 1935	—	231.48

Kr. 6019.20

Sjóðurinn er ávaxtaður í sparissjóðsdeild Landsbanka Íslands.

Forsætisráðherrann, 2. janúar 1936.

Hermann Jónasson.